

100. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs  
16. 1. 2019 kl. 10:30 – 12:00

Fundur settur kl. 10:30

Fundarstjóri: Vilhjálmur Magnússon

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Hugrún Harpa Reynisdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Vilhjálmur Magnússon, Þorvarður Árnason, Helga Árnadóttir, Olga Ingólfssdóttir og Katrín Jónsdóttir.

Fjarverandi: Bjarni Guðmundsson og Hrafnkell Guðnason

**1. Starfsáætlun 2019**

Hugrún Harpa lagði fram starfsáætlun setursins fyrir árið 2019, umræður sköpuðust um einstaka þætti áætlunarinnar. Stjórn samþykkir starfsáætlun 2019.

**2. Starfsmannamál**

Hugrún Harpa fór yfir starfsmannamál setursins, umræður sköpuðust um mannaflapörf setursins.

**3. Samstarf um Matarsmiðju**

Hugrún Harpa sagði frá því að Nýheimar þekkingarsetur og Sveitarfélagið Hornafjörður hafa gert með sér samstarfssamning um umsjón Nýheima með ákveðnum þáttum í starfsemi Matarsmiðju. Talsverðar umræður sköpuðust um starfsemi Matarsmiðjunnar og mikilvægi þess að hvetja frumkvöðla til að nýta aðstöðuna. Katrín Jónsdóttir benti á að Nýsköpunarmiðstöð gæti stutt við verkefnið til að auka sýnileika, stuðla að nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi á þessu sviði.

**4. Næsti fundur stjórnar**

Hugrún Harpa gerði tillögu að fundarefni næsta fundar, stjórn samþykkir tillögu.

**5. Önnur mál**

Kristín Hermannsdóttir formaður stjórnar gerði tillögu að dagsetningu ársfundar.

Ákveðið að ársfundur verði haldinn 10. apríl.

Þorvarður Árnason gerði tillögu að því að halda vinnustofu um byggðarþróunarfræði með Önnu Guðrínu Edvarðsdóttir.

Eyrún Helga Ævarsdóttir kynnti umræðu menningarteymis á nýliðnum fundi um föstudagshádeggi. Teymið leggur til að hver stofnun skuldbindi sig til að leggja til 1-2 erindi á önn. Stjórn tekur vel í tillöguna.

Einnig var rætt um nýútkominn Skaftfelling og honum fagnað. Nýheimafólk hvatt til að nýta sér hann til að birta mál og efni.

Vilhjálmur Magnússon sagði frá stöðu verkefnisins „Verksmiðjan“. Hugmyndir eru um vísindadag í Nýheimum í vor.

Fundi slitið klukkan 12:00

Vilhjálmur M.  
Hugrún Harpa Reynisdóttir